

# Ársskýrsla Bókasafnsins Ísafirði 2025



## **Hlutverk:**

Bókasafnið Ísafirði er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn og eftir menningarstefnu Ísafjarðarbæjar.

Bókasafnið Ísafirði er samverustaður fyrir alla bæjarbúa, hús þekkingar, hugmynda og afþreyingar.

## **Framtíðarsýn:**

Sýnilegt bókasafn.

Bókasafnið fyrir alla.

Bókasafnið - hlýlegur og öruggur staður.

Sjálfbærni í fyrirrúmi.

## **Gildi:**

Heiðarleiki og heilindi

Jákvætt viðmót

Notendastýrt bókasafn

Öryggi og vellíðan

## Lykiltölur

- Útlán: 13.117 (11.058) þar af Rafbókasafnið 1.877 (1.046)
- Safnkostur skráður í Gegni í árslok 58.032 (58.553)
- Aðföng á árinu: 1.251
- Afskráður safnkostur: 1.461
- Millisafnalán: fengið 13 / sent 8 (fengið 30 / sent 15)
- Heimsóknir leikskólabarna, skipulagðar: 3 (1)
- Heimsóknir grunnskólabarna, skipulagðar: 2 (2)
- Sumarlestur, þátttakendur: 26 (38)
- Afgreiðslustundir á viku: 33 (33)
- Safnkostur skráður í Gegni í árslok 58.553 (58.113)
- Sumarlestur, þátttakendur: 26 (38)
- Starfsfólk: 5 (5)
- Stöðugildi 2,55 (2,55)

## Útlán og safnkostur

Safnkostur skráður í Gegni var á áramótum 58.032.

Heildarútlán voru 13.117, sem voru lán frá Gegni 11.240 og lán frá

Rafbókasafninu 1.877. Lán úr sjálfsafgreiðsluvél voru 2.545.

Sú skáldsaga fyrir fullorðna sem var mest lánuð út árið 2025 var Hildur eftir

Satu Ramö.

## Þjónusta safnsins

Bókasafnið býður upp á fjölbreytt úrval bóka fyrir börn og fullorðna, mynddiska og hljóðbækur á diskum auk Rafbókasafnsins. Safnið leggur áherslu á góða þjónustu við börn og unglinga. Upplýsingaþjónusta er þáttur í starfsemi bókasafnsins, almenningur og skólafólk á öllum skólastigum fær aðstoð við að finna þær upplýsingar og heimildir sem það leitar eftir. Bókasafnið býður upp á menningartengda viðburði. Kynningar á viðburðum bókasafnsins fara fram á heimasíðu og Facebooksíðu safnsins, Facebooksíðu Ísafjarðarbæjar, á <https://lifid.isafjordur.is/>, með götugauglýsingum, auk fréttatilkynninga í Bæjarins besta.

## Opnunartími

Opið 12-18 virka daga, 13-16 á laugardögum. Langur mánudagur er annan mánudag í mánuði (nema júní, júlí og ágúst), þá er opið til kl. 21.

## Tölvur/netaðgangur

Ein tölva var í boði fyrir almenning á árinu. Lítil eftirspurn er eftir aðgang að tölvu, fólk kemur með sína síma og tölvur. Þráðlaus netaðgangur er ókeypis.

## Starfið á árinu

Ný heimasíða Safnahússins / Bókasafnsins var opnuð í byrjun árs.

Langur mánudagur er annan mánudag í mánuði (nema júní, júlí og ágúst),

þá er opið til kl. 21 og hægt að nota Safnahúsið á óhefðbundinn hátt.

Bókaklúbbur bókasafnsins er á þessum tíma og Bókaklúbbur unga

fólksins.

17. júní varð Safnahúsið 100 ára, en húsið var byggt sem Sjúkrahús

Ísafjarðar og opnaði þann dag árið 1925. Síðar opnaði húsið með nýtt

hlutverk sem Safnahús, 17. júní 2003. Í tilefni af deginum var opið hús eftir

hátíðarhöldin á Eyrartúni og öllum boðið í kaffi og afmælisköku, auk þess

sem hægt var að skoða allt húsið og sjá þær endurbætur sem hafði verið

unnið að, en mestar breytingar voru í kjallaranum sem var tekinn

algerlega í gegn og öll gögn flutt í tímabundna geymslu.



Í kjallaranum voru áður geymslur bóka, skjala og ljósmyndasafns en eftir viðgerð var gerður samningur um að geymslur skjala- og og ljósmyndasafns yrðu áfram í tímabundnu geymslunni í Sindragötu. Þá skapaðist rými fyrir litla sali fyrir fundi og vinnustofur.



Bókasafnið tók þátt í atvinnusýningunni Gullkistan Vestfirðir, sem haldin var í íþróttahúsinu á Torfnesi 6. september. Kynningarefni var hannað á spjöld og starfsmaður safnsins var til staðar í bás sem fleiri söfn deildu.



## Gömul hús á Ísafirði – arfleifð og áskoranir

15. nóvember héldu söfnin í húsinu málþing í tilefni af 100 ára afmæli Safnahússins.

Dagskráin var eftirfarandi:

13:30 Pétur H. Ármannsson: Sjúkrahúsbyggingar Guðjóns Samúelssonar

14:00 Andrea Harðardóttir: Ísafjörður - andblær árána í kringum 1925

14:30 Kaffihlé

14:40 Theresa Himmer: Tímalög

15:00 Elísabet Gunnarsdóttir: Umgjörðin um lífið sjálft

15:20 Halla Mia Ólafsdóttir: Það sem ég vildi að ég vissi - sögur af endurbótum á Messíönuhúsi og Hrannargötu 6 á Ísafirði

15:35 Haukur Sigurðsson: Fjársjóðurinn á Bökkunum

Fundarstjóri var Sigríður Kristjánsdóttir.



Tónlistarskóli Ísafjarðar byrjaði að fá lánaðar bækur fyrir nema sem eru að biða eftir tímum.



Myndir: <https://tonis.is/frettir/lestur-er-bestur/>

Safnið vann eftir nýrri stefnu og aðgerðaráætlun Ísafjarðarbæjar um móttöku skemmtiferðaskipa. Frá maí til september voru aukaopnanir laugardaga og sunnudaga þegar farþegafjöldi fór yfir 2.500 manns.

Útlán í Gegni hafa aukist milli ára og einnig útlán í Rafbókasafni.

## Framkvæmdir

Árið 2025 varð Safnahúsið 100 ára, en stefnt var að því að viðhaldi hússins yrði lokið fyrir 17. júní. Lokaáfangi að stóra viðhaldaverkefni undanfarinna ára var að skipt var um gler í flestum gluggum, fyrri hluta árs.



Barnadeildin var tekin í gegn eftir tillögum Theresu Himmer, skápar málaðir, sófinn yfirdekkur og smábarnahorn innréttað. Deildin var lokuð í einn og hálfan mánuð, opnaði aftur þann 17. en hægt var að hafa hluta bókanna til útláns á meðan. Unglingaherbergið fékk sömuleiðis nýtt útlit.





## Viðburðir

Foreldramorgnar með dagskrá voru 10 á árinu. Tími foreldramorgna var færður frá miðvikudögum á fimmtudagsmorgna kl. 10:30. Opið vikulega með eða án dagskrár þá daga fyrir foreldra ungbarna, nema sumarmánuðina.

<p>Fimmtudaginn 23. janúar 10:30</p> <p><b>Heba Dís</b> Hreyfing á meðgöngu og eftir fæðingu</p>	<p>Miðvikudaginn 26. febrúar 10:30</p> <p><b>Hildur Sólmundsdóttir</b> Lestur fyrstu árin - lykillinn að læsi</p>	<p>Miðvikudaginn 12. mars 11:30</p> <p><b>Greta Lietuvnikaitė</b> Introduction to reflective writing</p>	<p>Fimmtudaginn 3. mars 10:30</p> <p><b>Ásta Kristín Pjetursdóttir</b> Sjálfsmildi og þakklæti í tónlistarnámi</p>
<p>Miðvikudaginn 7. maí 10:30</p> <p><b>Jóna Lind Kristjánsdóttir</b> Gæðastundir í náttúrunni</p>	<p>Miðvikudagur 17. september 10:30</p> <p><b>Ingibjörg Elín Magnúsdóttir</b> Öryggi barna í bíl</p>	<p>Miðvikudaginn 8. október 11:00</p> <p><b>Auður Ólafsdóttir</b> Skyndihjálpar</p>	<p>Miðvikudaginn 15. október 10:30</p> <p><b>Unnur Árnadóttir</b> Hreyfing alla ævi</p>
<p>Miðvikudaginn 5. nóvember 10:30</p> <p><b>Thelma Björk og Eva Rós</b> Geðheilsuteymi <b>HVEST</b></p>	<p>Miðvikudaginn 26. febrúar kl. 10:30</p> <p><b>Ljósmeður HVEST</b> Næring barna</p>	<p>Miðvikudaginn 10. desember 10:30</p> <p><b>Arnheiður Steinþórsdóttir</b> Barnabókaspjall</p>	

Bókaklúbbur bókasafnsins var haldinn á löngum mánuðögum, með hléi yfir sumarmánuði, í 9 skipti. Gestur kom í einn klúbbinn, Ingi Björn Guðnason bókmenntafræðingur.

Bókaklúbbur unga fólksins var stofnaður í maí og haldin 5 sinnum þetta ár.

Bókaspjall:

3. maí spjallaði Ásta María Sverrisdóttir um sínar uppáhaldsbækur og Nína Ivanova fjallaði um myndskreytingar og gervigreind.

8. nóvember sagði Dóra Hlín Gísladóttir frá bókum sem henni hafa fundist áhugaverðar í gegnum tíðina.



Heklnámskeið fyrir byrjendur, 9.apríl. Bergrós Kjartansdóttir hönnuður sá um það.



Vika 17 er vika heimsmarkmiðanna á bókasöfnum, var færð í viku 18.

Plöntu- og púslmarkaður var alla vikuna.

Netasmiðja var haldin 2. maí, þar sem unnir voru nytjahlutir úr netaafgöngum frá Hampiðjunni sem lánaði einnig nálar og band. Magni Guðmundsson netagerðarmeistari var til aðstoðar.



Veturnætur: Viðburður bókasafnsins á Veturnóttum var hluti af samstarfsverkefni almenningsbókasafna í tilefni kvennaárs, fyrirlesturinn Að atvinnu og í hjáverkum, sem sagnfræðingurinn Arnheiður Steinpórsdóttir flutti.



Í húsinu var einnig kjólasala Kvennakórsins og opnun myndlistarsýningar í sal Listasafns.

Jólafondur, fyrir alla aldurshópa, var fimmtudaginn 19. desember.



## **Viðburðir annarra á bókasafninu**

Stefna bókasafnsins er að bjóða fólki úr nærumhverfinu að koma með viðburði sína á bókasafnið.

Þriðja rýmið, íslenskuspjall Gefum íslensku séns, fyrir fólk sem vill læra íslensku, var mánaðarlega á laugardegi, á löngum mánudegi frá september. Tungumálaskipti, tandem, haldið tvisvar um vorið. Þar gat fólk komið saman sem vildi fá tækifæri til að tala önnur tungumál.

Nemar listgreina úr Mí héldu sýningu á verkum sínum í nýja kjallararýmiinu í maí.

17. maí hélt Ferðafélag Ísfirðinga kynningu á fyrirhuguðum ferðum félagsins þetta ár.

Nemi við Háskólasetur Vestfjarða, Brianna Cunliffe, hélt vinnusmiðju um framtíð orkumála á Vestfjörðum 5. september.

Grunnskólar Suðureyrar, Flateyrar og Þingeyrar settu upp sameiginlega jólasýningu á göngum Safnahússins.

## Barnastarf

Púkinn, barnamenningarhátíð Vestfjarða. Bókasafnið tók þátt með viðburðinum *Tröll segja sögur*, tröll komu í heimsókn til að lesa vestfirskar tröllasögur. Viðburðurinn var haldinn 8. apríl í samstarfi við Litla leikklúbbinn.



Sumarlesturinn var á sínum stað, 1. júní – 19. ágúst. Þetta var í þriðja sinn sem sameiginlegt þema var fyrir almenningsbókasöfn landsins.

Sumarlesturinn í ár nefndist Lestrarsprettur Lindu landnámsænu. Dregið var í 4 skipti úr lukkupotti yfir sumarið, bók í verðlaun. Uppskeruhátíðin var 22. ágúst, þá var farið í ratleik. Dregnir voru 5 bíómiðar (bíómiði, drykkur og nasl) í Ísafjarðarbió úr lukkupottinum. Allir fengu frostpinna, og gjafabréf frá Hamraborg (lítill ís með dýfu). Styrktaraðili var Hamraborg.

Tókst vel en var með breyttu sniði svo ekki allir kláruðu lestrarblöðin, sem skýrir færri þátttakendur í sumarlestrinum.



Sögustundir: í desember voru daglegar sögustundir til jóla, lesin jólabók úr jóladagatali.



Skólafri: 21. október: Fikt og föndur. 22. október: Legosmiðja.



Jólasveinninn Hurðaskellir kom tvisvar í heimsókn í desember.



Bóklúbbur unglunga var haldinn í fimm skipti, á löngum mánudegi.



**Bóklúbbur unga fólksins**

Mánudaginn 14. apríl  
kl. 18  
á Bókasafninu Ísafirði.



## Nemaheimsóknir

Skipulagðar grunnskólaheimsóknir á árinu: 1 heimsókn frá Flateyri, 2. bekkur kom úr GÍ í kynningu á sumarlestri.

Leikskólar komu oftast í óskipulögðum heimsóknum, ein skipulögð frá Sólborg og tvær frá Tanga.

Eyrarskjól kom í reglulegar heimsóknir utan opnunartíma, flesta föstudaga frá febrúar til vors, þar sem leikskólakennari sá um heimsóknina.

## Þingeyri, Flateyri, Suðureyri

Kennarar frá grunnskólunum koma á Bókasafnið Ísafirði og fá lánaðar bækur fyrir skólana. Samstarf er við Blábankann á Þingeyri, þjónustu- og nýsköpunarmiðstöð, um milligöngu um bókasendingar til og frá Þingeyri fyrir einstaklinga og skóla. Samstarf er einnig við Strætó sem sér um að koma sendingunum til Blábankans.

Leitað var að samstarfsaðila á Flateyri um að sjá um bókasendingar til íbúa, reiknað með að hefjist á nýju ári í samvinnu við félagsstarf eldri borgara á staðnum.

Sighvatssafn, sérsafn Sighvats Borgfirðings, er geymt að mestum hluta á Þingeyri í húsnæði sem bókasafn Þingeyrar var í áður. Til stendur að Þorsteinn Jónsson á Núpi fái safnið til sýningar þar og er reiknað með að það verði á næsta ári. Kristín B. Oddsdóttir sá um yfirferð á Sighvatssafni á Þingeyri af þessu tilefni.



## Starfsmenn og stöðugildi

Fastráðnir starfsmenn voru Arnheiður Steinþórsdóttir, Edda Björg Kristmundsdóttir forstöðumaður, Kristjana Einarsdóttir og Roberta Soparaitte. Arnheiður fór í fæðingarorlof í apríl og í hennar stað var ráðin Kristín Berglind Oddsdóttir. Soffía Ásrún Ingimarsdóttir var sumarstarfsmaður, og svo áfram í tímavinnu.

Stöðugildi voru 2.55.

## Fundir, námskeið og vinnuhópar

EBK fór á forstöðumannafund Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna sem haldinn var í Barcelona að þessu sinni, þar sem var farið í skipulagðar heimsóknir í almenningsbókasöfn.

EBK verður í stjórn SFA til vors 2026.

EBK situr í stjórn Rafbókasafnsráðs. RS er í starfshópi hjá Rafbókasafni.

RS og KE fóru á ráðstefnuna Next Library í Árósum 24.-27. maí.

EBK fór á ráðstefnuna *Nordic Libraries Together* í Stokkhólmi 3.-5. september.

RS fór á ráðstefnuna *Bókasafnið í fjölmennningarlegu samfélagi* á Bókasafni Kópavogs 11. september.

KE og EBK fóru á bókasafnaráðstefnuna *Landsfund Upplýsingar* á Selfossi 16.og 17. september.

Starfsmenn tóku fjarnámskeið vegna bókasafnskerfisins Ölmú.

Allir starfsmenn: aðgangur að fjölda hagnýtra námskeiða hjá Akademies.



BÓKASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

2026